

21. fundur í stjórn Alnæmisbarna, 24. maí 2005

Haldinn þriðjudaginn 24 maí í fundarsal Íslenskra orkurannsókna

Mætt: Þórunn Sveinbjarnardóttir (ÞSv), Helga Tuliníus (HT), Hildur Gestsdóttir (og Bjarni Reykr Kristjánsson (BRK) og sem ritaði fundargerð

Tölvupóstur til Ágústu í Kampala

Þórunn lagði fram tölvupóst frá deginum áður frá Ágústu Gísladóttur, umdæmisstjóra ÞSSÍ í Kampala. Ágústa vísar í raun erindi okkar um eftirlit með CLF til stjórnar ÞSSÍ.

Hildur bendir á að ÞSSÍ greiði fyrir laun starfsmanna CLF, húsaleigu, skólagjöld fyrir 2 stelpur og uppihald fyrir 3 stelpur.

CLF

Lilja er í sambandi við Rosette um að koma stelpunum inn í ókeypis alnæmislyfja-meðferð.

Framtíð CLF

Það liggur fyrir að tveir kostir eru helstir hvað varðar framtíðarstuðning við CLF.

A. ÞSSÍ. Styrkur til starfsins er aðeins tryggður út árið 2005. Fáum við áframhaldandi styrk til starfsins?

B. Barnaheill. Viðræður um aðkomu Barnaheilla að rekstri CLF. Barnaheill eru öflug samtök sem gætu tryggt öryggi og framtíð CLF.

Stjórnin þarf að hefja viðræður við þessa aðila og skiptir með sér verkum þannig að:

Barnaheillahópur: Helga, María og Gulli

ÞSSÍ-hópur: Benni, Þórunn og Bjarni

Stjórnin setur sér þau markmið að fá svör úr þessum viðræðum fyrir lok júnímánaðar.

Þórunn tekur að sér að koma á kontakt við Björn Inga, formann stjórnar ÞSSÍ. Benni hittir Sighvat í næstu viku og ætlar að ræða við hann um aðkomu ÞSSÍ að CLF.

Greiðslur til CLF

2.203.000 Ugandaskildingar (81.500 kr.) voru sendir til CLF í morgun.

Skólagjöld og uppihald

Hildur leggur fram yfirlit um skólagjöld og uppihald. Greiðsla skólagjalda er um 20.000 kr. á mánuði og um 30.000 kr eru greiddar fyrir alnæmislyf á mánuði. Innkoma og útgjöld standast því vel í augnablikinu.

Minnisblað Alnæmisbarna til CLF

Þórunn leggur fram "Memorandum" til að senda til CLF. Minnisblaðið er langt komið og Þórunn klárar það fljótlega. Minnisblaðinu er ætlað að vera einskonar stuðningsyfirlýsing Alnæmisbarna til CLF. Hverju erum við tilbúin að lofa í stuðningi.

Fræðslu- og félagsfundur

Hildur hefur haft samand við Sigurlaugu Hauksdóttur og hún lýsti áhuga sínum á að koma á fund til okkar.

Einnig kom upp sú hugmynd um að fá Njörð P. Njarðvík, sem rekur hjálparstarf í Tógó til að koma á fundinn til okkar og segja frá starfi sínu þar.

Fjáröflunarhópur

Guðlaugur leggur fram fundargerð fyrsta fundar fjáröflunarhóps Alnæmisbarna. Fyrsta skrefið sem fjáröflunarhópurinn ætlar að taka er að hafa samband við íslensk fyrirtæki sem starfa í Úganda. Við munum útbúa einhverskonar kynningarpakka til að senda á þessi fyrirtæki. Bjarni Reyrr tekur að sér að hafa samband við UNIFEM og Rauða borðann um hvort til séu aukaeintök af blöðunum þar sem fjallað var um CLF.

Stuðningsyfirlýsing

Fram kom að það vantar eyðublöð á heimasíðuna okkar. Það þarf að vinna aðeins í stuðningsyfirlýsingunni sem er þar nú.

Heimasíða Alnæmisbarna

Bjarni, Gunnar og Hildur vinna í að setja upp prófíla fyrir stelpurnar sem eru hjá CLF.